

Til aðildarsveitarfélaga EBÍ

Kópavogi, 21.mars 2024.

Efni: Styrktarsjóður EBÍ 2024.

Styrktarsjóður EBÍ var stofnaður árið 1996 og er tilgangur sjóðsins að styrkja með fjárframlögum sérstakar athuganir eða rannsóknir á ýmsum þróunarpáttum í atvinnulífi, samgöngum, fræðslu- og menningarmálum í aðildarsveitarfélögum EBÍ. Mörg ólík verkefni hafa verið styrkt, en sammerkt með þeim er að þau teljast ekki til almenns rekstrar sveitarfélagsins heldur er hér yfirleitt um að ræða sérstök framfaraverkefni í þágu byggðarlaganna.

Einungis aðildarsveitarfélögum EBÍ er heimilt að senda inn umsókn í sjóðinn og hvert sveitarfélag getur aðeins sent inn eina umsókn. Umsóknum skal skilað á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem er að finna á heimasíðu EBÍ; [www.brunabot.is](http://www.brunabot.is) undir liðnum „Styrktarsjóður“. Til úthlutunar eru 8 milljónir króna og er umsóknarfrestur til aprílloka. Reglur sjóðsins er einnig að finna á heimasíðunni.

*Vil ég vekja sérstaka athygli á því að í reglum sjóðsins er kveðið á um að sveitarfélag geti að öllu jöfnu ekki fengið úthlutað styrk tvö ár í röð sbr. þriðju málsgrein í 3. gr. í 8. gr. er svo hnykk á skilaskyldu greinargerðar um framgang verkefnisins.*


Bréf þetta er skrifað til kynningar á málinu og er sveitarfélaginu hér með boðið að senda inn umsókn um stuðning við verkefni sem fellur undir reglur sjóðsins.

Að gefnu tilefni vil ég ítreka að umsóknir skulu vera vegna **sérstakra framfaraverkefna** á vegum sveitarfélaganna en ekki vegna almennra rekstrarverkefna þeirra.

Allar frekari upplýsingar um styrktarsjóðinn gefa undirrituð og Anna Sigurðardóttir, á skrifstofu félagsins. Umsóknir skulu sendar rafrænt á netfangið [brunabot@brunabot.is](mailto:brunabot@brunabot.is). Ef það er ekki mögulegt er hægt að senda þær á Styrktarsjóð EBÍ, Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi.

Með bestu kveðju

Eignarhaldsfélagið  
BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS



Sigrún Sveinbjörnsdóttir.

Fulltrúi.